



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum – Til afgreiðslu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2023 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. desember 2023, um reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum ásamt greinargerð, reglum um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum sem tóku gildi 5. september 2019, drögum að reglum um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík, reglum um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum með breytingum og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. júní 2023.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga er mikilvægur liður í því er að efla dagforeldrakerfið og laða að nýja dagforeldra en meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavík hefur lagt mikla vinnu í að brúa bilið með fjölbreyttum leiðum. Með þessum tillögum er verið að bæta starfsaðstæður dagforeldra, auka niðurgreiðslu og þar með að létta undir með barnafjölskyldum. Á sama tíma er unnið að því að finna húsnæði fyrir dagforeldra bæði með eigin húsnæði en einnig frá einkaaðilum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja tillögur meirihlutans í dagforeldramálum sem hér hafa verið lagðar fram. Á það er minnt að fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ítrekað lagt til að efla og styðja betur við dagforeldrakerfið m.a á fundum skóla- og frístundaráðs, í borgarráði og borgarstjórn. Meirihlutaflokkarnir hafa á hinn bóginn sýnt andvaraleysi gagnvart uppbyggingu kerfisins, sem endurspeglast m.a. í því að fjöldi dagforeldra var 204 hinn 1. október 2015 á meðan fjöldi dagforeldra var kominn niður í 74 hinn 1. desember síðastliðinn. Börn í vistun hjá dagforeldrum 1. október 2015 voru 689 en eru vel undir 400 í dag.

Þar sem afgreiðsla tillögunnar er tengd við breytingu á gjaldskrá vegna niðurgreiðslu til dagforeldra og komið hefur í ljós að gjaldskráin getur fyrst farið til samþykktar borgarstjórnar þann 9. janúar 2024 er óskað eftir að borgarráð staðfesti afgreiðslu skóla- og frístundaráðs með þeirri breytingu að gildistaka færist til 1. febrúar 2024. Lagt verður til að umrædd gjaldskrá taki gildi frá þeim tíma. Núgildandi reglur um stofnstyrki haldi gildi sínu að sama skapi til 31. janúar 2024.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 5. desember 2023

Reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum, dags. 5. september 2019

Drög að reglum um stofn- og aðstöðustyrkjum vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík

Reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum með breytingum

Umsögn fjármála- áhættustýringasviðs. dags. 12. júní 2023



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að reglur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum verði felldar úr gildi frá og með 31. desember 2023 og að þann 1. janúar 2024 komi í þeirra stað reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum til samræmis við meðfylgjandi reglur.

Til samræmis við reglurnar er lagt til að ef uppfyllt eru skilyrði reglnanna verði heimilt að greiða kr. 1.000.000 í stofnstyrk og kr. 150.000.- í árlegan aðstöðustyrk að nánari skilyrðum uppfylltum. Styrkur skerðist hlutfallslega ef opnunartími er vegna færri en 7 – 9 stundir.

Eftirfarandi verði samþykkt til bráðabirgða:

Þeir sem fengið hafa í fyrsta sinn leyfi til daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík frá 1. september 2023 eða síðar geta sótt um stofnstyrk á grundvelli reglna um stofnstyrki og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2024 að því gefnu að gerður sé þjónustusamningur við skóla- og frístundasvið og uppfyllt séu önnur skilyrði. Sama gildir um þá sem fengið hafa leyfi til daggæslu í fyrsta sinn til fjögurra ára frá 1. september 2023. Hafi verið greiddur stofnstyrkur samkvæmt núgildandi reglum verða kr. 700.000.- greiddar einu ári frá greiðslu kr. 300.000.- að því gefnu að þjónustusamningur verði undirritaður og uppfyllt séu önnur skilyrði.

Þeir sem starfað hafa við daggæslu við samþykkt á reglum þessum, hafa starfað í tvö ár og hafa gert þjónustusamning, og uppfylla önnur skilyrði reglna um stofnstyrki og aðstöðustyrki, fá nú þegar greiddan aðstöðustyrk á grundvelli reglnanna. Frá þeim tíma er aðstöðustyrkur greiddur árlega þann 1. október að uppfylltum skilyrðum reglnanna.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 15. júní 2023 voru samþykktar tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Ein af tillögunum kvað á um stofnstyrki og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík. Kom fram að miðað væri við að stofnstyrkur verði 1.000 þús. kr. fyrir dagforeldra sem hefja starfsemi í Reykjavík. Greiddar eru 250. þús. kr. við undirritun þjónustusamnings en 750 þús kr. ári síðar. Gerðar verði breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um stofnstyrki vegna þessa. Jafnframt kom fram að miðað væri við að árlegur aðstöðustyrkur til dagforeldra í Reykjavík upp á 150. þús kr sem taki gildi eftir tvö ár í starfi. Greiðslur hefjist eftir að dagforeldri hefur starfað í 24 mánuði og eru greiddar árlega frá þeim tíma. Gerðar verði breytingar á reglum um stofnstyrki vegna þessa.

Tillaga um að núgildandi reglur verði felldar úr gildi

Í dag eru í gildi reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 27. ágúst 2019 og í borgarráði þann 5. september 2019.

Þar sem um er að ræða umfangsmiklar breytingar á reglunum er lagt til að framangreindar reglur verði felldar úr gildi þann 31. desember 2023 og í þeirra stað taki gildi þann 1. janúar 2024 reglur um stofnstyrki og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík. Þá verði sett ákvæði til bráðabirgða til samræmis við það sem fram kemur í tillögunni.

Fram kemur í reglunum að stofnstyrkur og aðstöðustyrkir skerðist hlutfallslega ef opnunartími nær ekki því lágmarki að vera 7 tíma. Sjá töflu 1 og 2.

Tafla 1.

Stofnstyrkur kr. 1000.000

Opnunartími dagforeldris	Fyrri greiðsla	Seinni greiðsla	Samtals
7-9 kl.st	250.000	750.000	1.000.000
6	225.000	675.000	900.000
5	200.000	600.000	800.000
4	175.000	525.000	700.000

Tafla 2.

Aðstöðustyrkur kr. 150.000 tekur gildi eftir 2 ár í starfi	
Opnunartími dagforeldris	Greitt árlega
7-9 klst.	150.000
6 klst.	135.000
5 klst.	120.000
4 klst.	105.000

Umsögn félaga dagforeldra

Búið er að halda tvo fundi með fulltrúum Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík og Barnavistun, þar sem farið var yfir samþykktar tillögur Reykjavíkurborgar að úrræðum vegna dagforeldramála og farið yfir drög að frekari útfærslum

Meðfylgjandi er umsögn félaga dagforeldra Barnavistunar og Barnsins sem barst þann 28. nóvember 2023.

Gildistaka

Lagt er til að nýjar reglur taki gildi 1. janúar 2024 en engu að síður verði fyrirkomulagið tekið til endurskoðunar að nýju eigi síðar en 1. mars 2025 í samráði við félög dagforeldra. Reynslan verði metin og tekin ákvörðun um hvort tilefni er til að gera breytingar.

Fjárhagsleg áhrif

Í tillögum sem voru samþykktar í borgarráði 15. júní 2023 var miðað við fjölgun um 40 nýja dagforeldra í útreikningum á fjárhagslegum áhrifum við stofnstyrki, aðstöðustyrki og vegna hærri niðurgreiðslu vegna barna sem eru 18 mánaða og eldri. Ljóst er að nýliðun dagforeldra hefur gengið hægar en vonast var til og má í því samhengi nefna að eitt nýtt dagforeldri tók til starfa á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að 4 nýir dagforeldrar taki til starfa í janúar 2024. Starfandi dagforeldrar miðað við 1. desember 2023 eru 74. Það má því gera ráð fyrir að dagforeldrar verði um 80 í byrjun árs 2024 og því eru fjárhagsleg áhrif töluvert minni en þessari niðurstöður gefa til kynna.

Nánari upplýsingar um framlögð gögn í borgarráði þann 15. júní 2023 [má sjá hér](#). Þar er meðal gagna umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. júní 2023.

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjárhagsleg áhrif eins og þau voru reiknuð í tillögum frá 15. júní 2023.

Almennar tillögur

- Stofnstyrkur miðað við fjölgun um 40 dagforeldra $40 \times 1.000.000 = 40.000.000$ kr.
- Fyrri greiðsla = 40×250.000 kr. = 10.000.000 kr. (árið 2023)
- Seinni greiðsla = 40×750.000 kr. = 30.000.000 kr. (árið 2024)

Einskiptis kostnaður 40.000.000 kr. sem skiptist á tvö ár

- Árlegur aðstöðustyrkur verði 150.000 kr.
 - Miðað við núverandi fjölda $85 \times 150.000 = 12.750.000$ kr.
 - Miðað við fjölgun um 40 dagforeldra $40 \times 150.000 = 6.000.000$ kr. (árið 2025)

Árlegur kostnaður 18.750.000 kr. (að hluta eftir þrjú ár)

Samtals árið 2023: 22.750.000

Samtals árið 2024: 42.750.000

Samtals árið 2025: 18.750.000

Ekki er gert fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun 2024 og því þarf að óska eftir viðauka við fjárhagsáætlun verði tillagan samþykkt.

Reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum

1.gr

Almennt

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík til fjögurra ára í fyrsta sinn, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

2. gr.

Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

3.gr.

Fjárhæð styrks

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 300.000. Um er að ræða eingreiðslu. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun Reykjavíkurborgar.

4.gr.

Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi til daggæslu barna í fyrsta sinn til fjögurra ára eftir 1. janúar 2019 eiga rétt á stofnstyrk. Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða endurnýjun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.
2. Til að eiga rétt á stofnstyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
3. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk.
4. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.

Samþykkt að frá dagsetningu samþykktar reglnanna geti þeir sem uppfylltu skilyrðin þann 1. janúar 2019 eða síðar sótt um stofnstyrk.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 27. ágúst 2019 og í borgarráði þann 5. september 2019.



Reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík

1. gr. Almennt

1.1 Um stofnstyrk

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík í fyrsta sinn og sem hafa gert þjónustusamning, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur frá því að leyfi til daggæslu féll úr gildi en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra sem eru að endurnýja eldra leyfi.

1.2 Um aðstöðustyrk

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum sem eru með leyfi til daggæslu barna í Reykjavík eftir 24 mánuði í starfi árlega aðstöðustyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Miðar upphaf starfstíma við dagsetningu undirritunar þjónustusamnings milli dagforeldris og Reykjavíkurborgar.

2. gr. Umsóknir

1.1 Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

1.2 Aðstöðustyrkur

Aðstöðustyrkur er greiddur án umsóknar til dagforeldra sem uppfylla skilyrði þessara reglna, almennt 1. október ár hvert.

Fjárhæð styrks

3.1 Fjárhæð stofnstyrks og greiðsla

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 1.000.000. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Við undirritun þjónustusamnings eru greiddar kr. 250.000 og kr. 750.000 ári síðar ef engar athugasemdir eru gerðar við störf og aðbúnað dagforeldris á fyrsta starfsári og veitt er endanlegt rekstrarleyfi.

3.2 Fjárhæð aðstöðustyrks og greiðsla

Eftir 24 mánuði í starfi, það er frá undirritun þjónustusamnings, er fjárhæð aðstöðustyrks kr. 150.000 árlega. Fjárhæð styrks getur breyst samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.



4. gr. Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála til daggæslu barna í Reykjavík í fyrsta sinn eiga rétt á stofnstyrk.
2. Dagforeldrar sem eru með leyfi til daggæslu barna í Reykjavík og sem hafa gert þjónustusamning eiga 24 mánuðum síðar rétt á árlegum aðstöðustyrk.
3. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf að liggja fyrir þjónustusamningur við skóla- og frístundasvið.
4. Til að eiga rétt á stofn – og aðstöðustyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
5. Opnunartími daggæslu skal að lágmarki vera 7 tímar á dag. Ella skerðast greiðslur hlutfallslega. Fullur styrkur er greiddur ef opnunartími daggæslu er frá 7 – 9 tímar á dag. Ef opnunartími er undir 7 tímum á dag skerðist styrkur hlutfallslega sem nemur 10% fyrir hverja klukkustund miðað við fullan styrk.
6. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk og hvort um sig aðstöðustyrk til samræmis við reglur þessar. Þegar tveir dagforeldrar starfa saman skal nýta styrkinn til þeirrar aðstöðu sem unnið er í.
7. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.
8. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að nýta styrkinn til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja.
9. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að skila skóla- og frístundasviði greinargerð um ráðstöfun styrksins auk reikninga eigi síðar en 6 mánuðum frá greiðslu styrks. Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik.is/stykir>.

5. gr.

Meðferð umsókna og greiðslur

5.1 Umsókn uppfyllir skilyrði

Ef umsókn um stofnstyrk er samþykkt af skóla- og frístundasviði verður greitt skv. reglum þessum inn á þann reikning umsækjanda sem mánaðarleg framlög vegna niðurgreiðslu er greidd inn á.

Greiðslur stofnstyrkja fara fram um mánaðamót og miðast við samþykktar umsóknir á bilinu 15. til 15. dag mánaðar.



5.2 Umsókn uppfyllir ekki skilyrði

Ef ekki er unnt að verða við umsókn um stofnstyrk eða greiðslu aðstöðustyrks ber að gefa dagforeldri kost á að tjá sig áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða dagforeldris og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Ef tekin er ákvörðun um að synja umsókn eða greiðslu aðstöðustyrks, að loknu mati á fyrirliggjandi upplýsingum, ber að tilkynna það í bréfi til dagforeldris og upplýsa um rétt til að fá ákvörðun rökstudda og kærurétt.

6. gr. Vanefndir

6.1. Forsendubrestur

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að afturkalla styrk eða styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða.

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru alla jafna endurkræfir.

Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt reglum þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrksins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Telji dagforeldri sig ekki geta uppfyllt ákvæði reglnanna skal skóla- og frístundasviði tilkynnt það tafarlaust skriflega.

Áður en til riftunar kemur skal styrkveitandi skora á dagforeldri að efna samninginn innan 30 daga því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði.

6.2 Krafa um endurgreiðslu, greiðsla dráttarvaxta og innheimtukostnaðar

Komi til endurgreiðslu bætast við endurgreiðsluna hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vistölu neysluverðs eins og hún var við undirritun samnings. Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Komi til endurkröfu á styrk þá verður send krafa í netbanka dagforeldris. Afrit reiknings er birt í rafræn skjöl í netbanka en einnig er hægt að óska eftir greiðslueðli með því að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111.

Gjalddagi kröfu er í upphafi mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Innheimtufjerli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar en þar er að finna nánari lýsingum, sjá hér: https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/fms-ste-011_innheimtureglur_2.3_-_med_vidaukum_-_borgarrad_06.01.2022.pdf

Sé krafa enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbref. Hafi krafa ekki verið greidd 55 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginheimtu 120 dögum frá gjalddaga.



Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7. gr.

Varðveisla gagna

Umsókn og gögn vegna umsókna skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar. Persónuupplýsingar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Að tilgreindum tíma liðnum er skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu til samræmis við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Til samræmis við ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 munu stjórnslá og stofnanir Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2024 skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns Ísland. Verkefni varðandi móttöku gagna, eftirlit og ráðgjöf flytjast einnig frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns.

Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar: <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>.

Reglurnar taka gildi þann 1. janúar 2024, frá sama tíma falla úr gildi reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 27. ágúst 2019 og í borgarráði þann 5. september 2019.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem fengið hafa í fyrsta sinn leyfi til daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík frá 1. september 2023 eða síðar geta sótt um stofnstyrk á grundvelli reglna um stofnstyrki og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2024 að því gefnu að gerður sé þjónustusamningur við skóla- og frístundasvið og uppfyllt séu önnur skilyrði. Sama gildir um þá sem fengið hafa leyfi til daggæslu í fyrsta sinn til fjögurra ára frá 1. september 2023. Hafi verið greiddur stofnstyrkur samkvæmt núgildandi reglum verða kr. 700.000.- greiddar einu ári frá greiðslu kr. 300.000.- að því gefnu að þjónustusamningur verði undirritaður og uppfyllt séu önnur skilyrði.

Þeir sem starfað hafa við daggæslu við samþykkt á reglum þessum, hafa starfað í tvö ár og hafa gert þjónustusamning, og uppfylla önnur skilyrði reglna um stofnstyrki og aðstöðustyrki, fá nú þegar greiddan aðstöðustyrk á grundvelli reglnanna. Frá þeim tíma er aðstöðustyrkur greiddur árlega þann 1. október að uppfylltum skilyrðum reglnanna.

[Dagsetning samþykktar]



Reglur um stofnstyrki og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík

1. gr. Almennt

1.1 Um stofnstyrk

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Reykjavík ~~til fjögurra ára~~ í fyrsta sinn og sem hafa gert þjónustusamning, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur frá því að leyfi til daggæslu féll úr gildi eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða sem eru að endurnýjaun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.

1.2 Um aðstöðustyrk

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir dagforeldrum sem eru með leyfi til daggæslu barna í Reykjavík eftir 24 mánuði í starfi árlega aðstöðustyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Miðar upphaf starfstíma við dagsetningu undirritunar þjónustusamnings milli dagforeldris og Reykjavíkurborgar.

2. gr. Umsóknir um stofnstyrk

1.1 Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send skóla- og frístundasviði á þar til gerðu eyðublaði, sem finna má á vefsíðu sviðsins <https://reykjavik.is/SFS>

1.2 Aðstöðustyrkur

Aðstöðustyrkur er greiddur án umsóknar til dagforeldra sem uppfylla skilyrði þessara reglna, almennt 1. október ár hvert.

Fjárhæð styrks

3.1 Fjárhæð stofnstyrks og greiðsla

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 1.300.000. ~~Um er að ræða eingreiðslu.~~ Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Við undirritun þjónustusamnings eru greiddar kr. 250.000 og kr. 750.000 ári síðar ef engar athugasemdir eru gerðar við störf og aðbúnað dagforeldris á fyrsta starfsári og veitt er endanlegt rekstrarleyfi.

3.2 Fjárhæð aðstöðustyrks og greiðsla

Eftir 24 mánuði í starfi, það er frá undirritun þjónustusamnings, er Fjárhæð aðstöðustyrks er kr. 150.000 árlega. Fjárhæð styrks getur breyst samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.



4.gr. Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi [Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála](#) til daggæslu barna í [Reykjavík](#) í fyrsta sinn [til fjögurra ára eftir 1. janúar 2024](#) eiga rétt á stofnstyrk.
Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra, sem fá bráðabirgðaleyfi eða endurnýjun á eldra leyfi. Stofnstyrkur er aðeins greiddur hverju dagforeldri einu sinni.
2. Dagforeldrar sem eru með leyfi til daggæslu barna í Reykjavík og sem hafa gert þjónustusamning eiga 24 mánuðum síðar rétt á árlegum aðstöðustyrk.
- 4.2. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf að liggja fyrir þjónustusamningur við skóla- og frístundasvið.
3. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
- 2.4. Opnunartími daggæslu skal að lágmarki vera 7 tímar á dag. Ella skerðast greiðslur hlutfallslega. Fullur styrkur er greiddur ef opnunartími daggæslu er frá 7 – 9 tímar á dag. Ef opnunartími er undir 7 tímum á dag skerðist styrkur hlutfallslega sem nemur 10% fyrir hverja klukkustund miðað við fullan styrk.
- 3.5. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk og hvort um sig aðstöðustyrk til samræmis við reglur þessar. Þegar tveir dagforeldrar starfa saman skal nýta styrkinn til þeirrar aðstöðu sem unnið er í.
6. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við greiðslu styrksins.
7. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að nýta styrkinn til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja.
8. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að skila skóla- og frístundasviði greinargerð um ráðstöfun styrksins auk reikninga eigi síðar en 6 mánuðum frá greiðslu styrks. Greinargerðinni skal skila á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik.is/styrkir>.

5.

Meðferð umsókna og greiðslur

5.1 Umsókn uppfyllir skilyrði

Ef umsókn um stofnstyrk er samþykkt af skóla- og frístundasviði verður greitt skv. reglum þessum inn á þann reikning umsækjanda sem mánaðarleg framlög vegna niðurgreiðslu er greidd inn á.



Greiðslur stofnstyrkja fara fram um mánaðamót og miðast við samþykktar umsóknir á bilinu 15. til 15. dag mánaðar.

5.2 Umsókn uppfyllir ekki skilyrði

Ef ekki er unnt að verða við greiðslu umsókn um stofnstyrk eða greiðslu aðstöðustyrks ber að gefa dagforeldri kost á að tjá sig áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða dagforeldris og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Ef tekin er ákvörðun um að synja umsókn eða greiðslu aðstöðustyrks, að loknu mati á fyrirbyggjandi upplýsingum, ber að tilkynna það í bréfi til dagforeldris og upplýsa um rétt til að fá ákvörðun rökstudda og kærurétt.

6. gr. Vanefndir

6.1. Forsendubrestur

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að afturkalla styrk eða styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða.

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkbega eru alla jafna endurkræfir.

Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt reglum þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrksins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Telji dagforeldri sig ekki geta uppfyllt ákvæði reglnanna skal skóla- og frístundasviði tilkynnt það tafarlaust skriflega.

Áður en til riftunar kemur skal styrkveitandi skora á dagforeldri að efna samninginn innan 30 daga því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði.

6.2 Krafa um endurgreiðslu, greiðsla dráttarvaxta og innheimtukostnaðar

Komi til endurgreiðslu bætast við endurgreiðsluna hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vistölu neysliverðs eins og hún var við undirritun samnings. Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Komi til endurkröfu á styrk þá verður send krafa í netbanka dagforeldris. Afrit reiknings er birt í rafræn skjöl í netbanka en einnig er hægt að óska eftir greiðslueðli með því að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111.

Gjalddagi kröfu er í upphafi mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar en þar er að finna nánari lýsingum, sjá hér:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/fms-ste-011_innheimtuleglur_2.3_-_med_vidaukum_-_borgarrad_06.01.2022.pdf



Sé krafa enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbref. Hafi krafa ekki verið greidd 55 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbrefa og innheimtu á greiðanda.

7. gr.

Varðveisla gagna

Umsókn og gögn vegna umsóknar skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur borgarinnar. Persónuupplýsingar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Að tilgreindum tíma liðnum er skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu til samræmis við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Til samræmis við ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 munu stjórnýsla og stofnanir Reykjavíkur frá og með 1. janúar 2024 skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns Ísland. Verkefni varðandi móttöku gagna, eftirlit og ráðgjöf flytjast einnig frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns.

Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í umsóknareyðublaði og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu borgarinnar: <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>.

Reglurnar taka gildi þann 1. janúar 2024, frá sama tíma falla úr gildi reglur um stofnstyrki vegna daggæslu í heimahúsum samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 27. ágúst 2019 og í borgarráði þann 5. september 2019.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem fengið hafa í fyrsta sinn leyfi til daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík frá 1. september 2023 eða síðar geta sótt um stofnstyrk á grundvelli reglna um stofnstyrki og aðstöðustyrki vegna daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík sem taka eiga gildi þann 1. janúar 2024 að því gefnu að gerður sé þjónustusamningur við skóla- og frístundasvið og uppfyllt séu önnur skilyrði. Sama gildir um þá sem fengið hafa leyfi til daggæslu í fyrsta sinn til fjögurra ára frá 1. september 2023. Hafi verið greiddur stofnstyrkur samkvæmt núgildandi reglum verða kr. 700.000.- greiddar einu ári frá greiðslu kr. 300.000.- að því gefnu að þjónustusamningur verði undirritaður og uppfyllt séu önnur skilyrði.

Þeir sem starfað hafa við daggæslu við samþykkt á reglum þessum, hafa starfað í tvö ár og hafa gert þjónustusamning, og uppfylla önnur skilyrði reglna um stofnstyrki og aðstöðustyrki, fá nú þegar greiddan aðstöðustyrk á grundvelli reglnanna. Frá þeim tíma er aðstöðustyrkur greiddur árlega þann 1. október að uppfylltum skilyrðum reglnanna.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 27. ágúst 2019 og í borgarráði þann 5. september 2019.

[Dagsetning samþykktar]



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn FAS um tillögu að úrræðum vegna dagforeldramála

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögur að úrræðum vegna dagforeldramála. Um er að ræða margvíslegar tillögur sem snúa að niðurgreiðslum, styrkjum og öðrum stuðningi til að efla starfsumhverfi dagforeldra. Með tillögunum fylgir greinargerð og útreikningar skóla- og fristundasviðs á fjárhagslegum áhrifum.

Í forsendum kostnaðarmatsins er gert ráð fyrir að dagforeldrum fjölgi um 40 þ.e. að fjöldinn fari úr 85 í 125. Þetta þýðir um 200 ný börn í vistun en gert er ráð fyrir 155 börnum undir 18 mánaða og 45 börn eldri en 18 mánaða.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagsleg áhrif tillaganna árin 2023 til 2025 skv. kostnaðarmati sviðsins¹:

Fjárhæðir í m.kr.	2023	2024	2025
<i>Núverandi dagforeldrar</i>			
Aðstöðustyrkur	12.750	12.750	12.750
Niðurgreiðslur á vistunargjaldi	49.794	109.547	109.547
Árlegur kostnaður - núv. dagf.	62.544	122.297	122.297
<i>Nýir dagforeldrar</i>			
Aðstöðustyrkur	0	0	6.000
Niðurgreiðslur á vistunargjaldi	35.740	78.627	78.627
Árlegur kostnaður - nýir. dagf.	35.740	78.627	84.627
Samtals árlegur kostnaður	98.284	200.924	206.924
Stofnstyrkur - nýir dagforeldrar	10.000	30.000	0
Heildarkostnaður	108.284	230.924	206.924

Eins og taflan sýnir þá er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi um 108 m.kr. árið 2023, um 230 m.kr. árið 2024 og um 207 m.kr. frá og með árinu 2025. Eftirfarandi tafla sýnir svo skiptinguna annars vegar á milli stofn- og aðstöðustyrkja og hins vegar á milli niðurgreiðslna.

¹ Gert ráð fyrir niðurgreiðslur í 5 mán árið 2023



Sundurliðun	2023	2024	2025
<i>Þar af stofn- og aðstöðustyrkir</i>	22.750	42.750	18.750
<i>þar af niðurgreiðsla</i>	85.534	188.174	188.174
Heildarkostnaður	108.284	230.924	206.924

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillögurnar og kostnaðarmatið. Tillögurnar fela í sér að kostnaðarauka bæði vegna stofn- og aðstöðustyrkja og vegna hærri niðurgreiðslna. Ljóst er að töluverð óvissa er um hvaða áhrif tillögurnar hafa á fjölgun dagforeldra. Því er innifelur kostnaðarmatið í sér mikla óvissu, bæði varðandi fjárhæðir og hvenær kostnaðurinn fellur til. Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagsleg áhrif m.v. mismunandi forsendur um fjölgun dagforeldra:

Fjöldi nýrra dagforeldra	0	20	40	60	80
Fjöldi nýrra vistunarpláss	0	100	200	300	400
Árlegur kostnaður	122.297	164.610	206.924	249.237	291.551
Einskiptiskostnaður	0	20.000	40.000	60.000	80.000

Þó er bent á að kostnaðarmatið tekur ekki til liða 4 og 5 í tillögunum. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði er gert ráð fyrir að kostnaðurinn vegna þessara liða verði óverulegur og að ekki sé líklegt að sækja þurfi um auknar fjárheimildir vegna þessa.

Í dag er dagforeldraliður skóla- og frístundasviðs undir fjárheimildum. Verði tillagan samþykkt er lagt til að skóla- og frístundasvið nýti það svigrúm upp í kostnaðinn við tillögurnar. Að sama skapi er bent á að nauðsynlegt er að skoða samspil tillögunnar við brúum bilið verkefnið og það fjármagn sem tekið hefur verið frá vegna þess í fimm ára áætlun. Þrátt fyrir hækkun niðurgreiðslna er kostnaður við hvert leikskólaláss enn hærri vegna 18 mánaða og eldri. Í ljósi þeirra miklu óvissu sem er um fjölgun dagforeldra er mikilvægt að fylgst sé vel með árangrinum af verkefninu og áhrif á fjárheimildir endurmetnar þegar reynsla er kominn á tillögurnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs